**FUNDARGERÐ** EB 51-01-00/útg. 1

| | | | |
|---|---|---|---|
| *verkheiti:* | **SKARÐSHLÍÐARSKÓLI** | *tilvísun:* | 17103 |
| *fundur:* | Stöðufundur nr. 17 | *dags.:* | 27.4.2018 |

EB 51-01-00/útg. 1

*Staður og tími:* Norðurhellu 2, föstudaginn 27. apríl 2018, kl. 8.30

*Fundarmenn:*

| | | |
|---|---|---|
| Þorgeir Ó Margeirsson | ÞM | Eykt |
| Ingibjörg Magnúsdóttir | IM | Skólastjóri |
| Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir | JDG | Þróunarfulltrúi leikskóla |
| Ægir Berg Elísson | ÆBE | Húsumsjónarmaður |
| Vigfús Hallgrímsson | VH | Þróunarfulltrúi grunnskóla |
| Sigurður Haraldsson | SH | Sviðsstjóri |
| Stefán B. Veturliðason | SBV | VSB |

| *liður* | ***Efni*** | *ábyrgð* |
|---|---|---|
| 0 | **Síðasta fundargerð**<br>Fundargerðir eru vistaðar á vefnum. Engar athugasemdir bárust um síðustu fundargerð. | |
| 2.3 | **Hönnun, teikningar og önnur gögn**<br><br>Eftirfarandi atriði er snúa að hönnun voru rædd og eftirfarandi bókað: | |
| | Eldhús; Verktaki hefur sent inn lista yfir val á tækjum. Verkkaupi hefur skoðað og verður listinn sendur verktaka. | SBV |
| | Merki skólans<br>Verið er að vinna nýtt merki skólans, sem verður sett upp við aðalinngang. Verður haft samráð við arkitekt um staðsetningu merkisins. IM fundaði með arkitekt, merkið er fullhannað, verið að skoða hvar það verður staðsett í skólanum. Vísað var í algilda hönnun um merkingar. ÞM tekur upp málið og skoðað með framkvæmd merkinga. | IM |
| | Innréttingar og tæki – Húsgögn og búnaður<br>Rætt um hvað er verktaka og hvað verkkaupa, þarf að rýna. | |
| | Tímasetningar fyrir tölvumenn verkkaupa<br>Spurt um hvenær tölvumenn verkkaupa geta komist að með sína vinnu. Verktaki svara að þeir geti komist að 1. Júlí nk. | |
| | Bílastæði og lóð<br>Farið yfir stöðu bílstæða og lóðar eftir að skólastarf hefst. Verktaki telur að næg bílastæði verði til staðar.<br>Flutningur á tækjum af lóð safnaðarheimilisins getur hafist 1. júlí. Verktaki annast það. | |
| | Flutningur húsgagna:<br>Verktaki telur að skólinn geti farið að flytja inn húsgögn í lok júlí mánaðar, samkvæmt nánara samkomulagi við verktaka. | |

2.3 Kostnaður við breytingar
Verkkaupi óskar eftir að sjá bókahald um breytingar.

Staða hönnunar;
Teikningar arkitekta af D og E eru komnir á vefinn til skoðunar hjá verkkaupa.
Búið að leysa öll atriði nema:

- D122; Fá 30 sm djúpar hillur fyrir töskur, heildarlengd 30 m.

Verkkaupi mun skoða sérstaklega innréttingar í C.
Verktaki óskar eftir að fá framlengingu á hönnunartíma fram í júlí, eða um einn mánuð.

3.8 **Efnissamþykktir**
Verktaki mun setja upp sérstaka möppu á dropbox fyrir gögn efnis-samþykkta. ÞM

6.1 **Stöðufundir**
Fundir eru haldnir annan hvern þriðjudag á Norðurhellu kl. 8.30. Á fundina mæta fulltrúar verktaka og ráðgjafa auk fulltrúa verkkaupa. Ráðgjafar mæta að jafnaði á annan hvern fund.

6.6 **Verkframkvæmd, verkstaða**
Sjá fundargerð frá verkfundi eftirlits. Athuga með aðgang að verkefnavef. SBV

6.7 **Verkáætlun**
Verkið er á eftir áætlun en reynt verður að vinna það upp eins og hægt er.
Starfsfólk mætir til vinnu 7. ágúst og kennsla hefst 22. ágúst.
Leikjanámskeið hefjast 9. ágúst. Verktaki ætlar að gera allt sem hægt er að skólastarf geti hafist á eðlilegum tíma.

8.1 **Önnur mál**

8.2 **Næsti fundur**
Næsti stöðufundur verður á Norðurhellu, þriðjudaginn 15. maí nk., kl. 8.30.

*Fundarritari: SBV*
*Dreifing fundargerðar; Fundarmenn*